


Hönnun er hafin við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslenskuskor Háskóla Íslands



Hönnun er hafin við [Stofnun Árna Magnússonar](#) í íslenskum fræðum og íslenskuskor Háskóla Íslands. Grundvöllur hönnunarinnar er tillaga Hornsteina arkitekta ehf., vinningstillaga í samkeppni sem haldin var árið 2008, með sérstæðri sporöskjulaga grunnmynd og útveggjum skreyttum handritatextum.

Verkaupi er menntamálaráðuneytið. Umsjón með verkefninu hefur Framkvæmdasýsla ríkisins, verkefnastjóri Fjársýslunnar er Bergljót S. Einarsdóttir. Ráðgjafar er hönnunarteymi Hornsteina arkitekta ehf. og Almennu verkfræðistofunnar hf. ásamt samstarfsráðgjöfum.

Frá árinu 1971 hafa íslensk handrit, sem skilað var frá Danmörku eftir langa vist þar í landi, verið varðveitt í Árnagarði en hugmyndin var frá upphafi að reisa síðar myndarlegri

byggingu til varðveislu þessara þjóðargersema svo og sýningar- og vinnuaðstöðu vegna þeirra. Í athugun, sem unnin var á vegum af menntamálaráðuneytisins á árinu 2007, er gert ráð fyrir byggingu með húsnæði fyrir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Háskóli Íslands lét í té byggingarreit milli háskólabygginga og Þjóðarþóklöðu við Suðurgötu. Ákveðið var að í byggingunni yrði einnig íslenskuskor Háskóla Íslands. Unnin var samkeppnislýsing og efnt til samkeppni á árinu 2008.

Í samkeppnislýsingu var gerð grein fyrir almennum markmiðum samkeppninnar. Nýbyggingunni er ætlað að vera öruggur staður fyrir þjóðargersemanar, handritin sem geyma íslenskar fornbókmenntir, eddukvæði, sögur og fleira. Þar verður sérstök varðveisla skinnhandrita og annarra gagna, vísindalegar rannsóknir og kennsla, þjónusta um málfarsleg efni við fræðasamfélagið, almenning og fyrirtæki svo og vinnuaðstaða stúdenta og kennara. Gert er ráð fyrir sérhæfðu sýningarrými og að almennt rými, fyrirlestraaðstaða og kaffistofa verði samnýtt.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með verkinu fyrir menntamálaráðuneytið, verkefnisstjóri hjá Framkvæmdasýslunni á stigi frumathugunar við útboð samkeppninnar var Þráinn Sigurðsson og síðan Ingólfur Aðalbjörnsson. Tengiliður hjá menntamálaráðuneyti var Þráinn Sigurðsson.

Náðar er gerð grein fyrir verkefninu og hönnunarsamkeppninni á [Vef Framkvæmdasýslu ríkisins](#).

Íþróttavakning í framhaldsskólum -synda framhaldsskólanemendur 10 hringi í kringum Ísland?

Fyrir réttu ári síðan skrifuðu menntamálaráðherra, heilbrigðisráðherra, forstjóri Lýðheilsustöðvar og forsvarsmenn félaga framhaldsskólanema undir samstarfssamning um Heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum. Verkefnið er til þriggja ára og markmiðið meðal annars að stuðla að aukinni hreyfingu nemenda, bættari almennri líðan og efla forvarnir gegn vímuefnum í framhaldsskólum.

Einn liður í verkefninu er [Íþróttavakning framhaldsskólanna](#) sem hófst formlega þann 12. nóvember 2008 en þá hlupu eða gengu tæplega 5000 framhalds-

skólanemendur víðs vegar um landið alls 3 km. hver.

Vikuna 19.-26. janúar mun næsta áttak verkefnisins standa yfir en þá eru framhaldsskólanemendur hvattir til að synda alls 200 metra á dag umrædda viku. Aðstandendur verkefnisins hafa verið í góðu samstarfi við sveitarfélögin í landinu og munu þau sveitarfélög sem eru með framhaldsskóla í sínu umdæmi bjóða framhaldsskólanemendum **FRÍTT Í SUND** þá viku sem átakið stendur yfir. Allir nemendur framhaldsskólanna, alls tæplega 20.000, hafa fengið afhent

sundkort og syndi hver þeirra 200 metra á dag ofangreinda viku leggja þeir 28 milljón metra að baki. Það eru 28.000 km sem sam-svarar því að nemendur myndu synda 10 hringi í kringum Ísland.

Íþróttavakningunni lýkur með stórra loka-hátíð sem haldin verður á Akureyri 4. apríl næstkomandi, þar sem keppt verður til úrslita í hinum ýmsu íþróttgreinum og sá skóli sem fær flest stig, annars vegar í almennri hreyfingu nemenda og hins vegar í íþróttakeppnunum, sigrar og hlýtur titilinn Íþróttaskóli ársins 2009.

Buff verður skjóla

Úrslit hafa nú ráðist í [Nýyrðakeppni í 5.-7. bekk grunnskóla](#) sem hleypt var af stokkunum á degi íslensk tungu 16. nóvember síðastliðinn. Íslensk málnefnd hafði frumkvæði að keppninni og hlaut til þess styrk frá menntamálaráðuneyti. Alls bárust úrlausnir frá 1763 nemendum í 82 skólum (af 176 á öllu landinu) um allt land. Árið 2007 voru ríflega 13.000 nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum landsins og lætur því nærri að ríflega 13% nemenda hafi skilað úrlausn.

Markmið samkeppninnar var að vekja athygli á því að unnt er að nota íslensk orð þar sem oft eru notuð erlend orð eða slettur. Aðstandendur keppninnar telja að það markmið hafi náðst.

Ákveðið var að veita 1. verðlaun fyrir tillögu um orðið skjóla fyrir buff. Orðið skjóla er að vísu haft um ‚fötu‘ en í orðinu felst að það geti verið haft um eitthvað sem ‚veitir skjól‘ og þetta fat gerir það svo sannarlega. Annað orð fyrir buff, strokkur, sem kom ríflega 26 sinnum fyrir, er einnig notað um flát til þess að strokka í rjóma. Alls voru veittar 8 viðurkenningar til nemenda fyrir nýyrði.

Ásamt málnefndinni stóðu [Námsgagnastofnun](#), [Stofnun Árna Magnússonar](#) í íslenskum fræðum og [Skýrslutæknifélag Íslands](#) að keppninni.

